

10. fundur FFGÍR fimmtudaginn 30.apríl 2009 í Kirkjulundi.í Keflavík kl 17:00 – 18:00

Mætt: Linda Birgisdóttir, Myllubakkaskóli, Þórhildur Jónsdóttir, Holtaskóli og Kristjana Guðlaugsdóttir, Akurskóli og Ingigerður Sæmundsdóttir, verkefnastjóri FFGÍR og ritaði fundargerð.

Dagskrá fundarins:

1. Upplýsingar frá verkefnastjóra

- a. Styrkur til KFUM og K, vegna barnapössunar á málþingi 15.000. AFGREITT
- b. FFGÍR á um 250.000 kr. til ráðstöfunar eftir laun og kostnað vegna vefs og netfangs. AFGREITT
- c. Innileikjagarður á Ásbrú- foreldrar koma að gæslu, getum fengið lykklavöld. UMRÆÐU FRESTAÐ
- d. Hugsað um barn- Verkefni í Reykjanesbæ – ýmsar hugmyndir hjá ÓB ráðgjöf. Ætlum að fylgjast með verkefninu næsta skólaár en þá verður 9.bekkur þátttakandi í verkefninu. AFGREITT
- e. Tilnefning vegna foreldraverðlauna – Uppeldi til árangurs, Gylfi Jón. AFGREITT
- f. Tilkynning vegna símatíma á vef ffgir og í grein á vf. AFGREITT
- g. Uppkast ályktun vegna PBS og Uppbyggingarstefnunnar. AFGREITT

2. Myndir á heimasíðu úr starfinu 2008-2009. Verkefnastjóri óskaði eftir myndum frá FF til að setja á heimasíðu FFGÍR.

3. Umsókn frá FFM um 50.00 kr. styrk vegna verkefnis á skólalóð Myllubakkaskóla. Samþykkt.

4. Aðalfundir foreldrafélaganna. Myllubakkaskóli 5.maí, Akurskóli 20.maí og Heiðarskóli 25.maí., allir kl. 20. Njarðvíkurskóli og Holtaskóli voru ekki komnir með dagsetningu.

5. Viðurkenningar FFGÍR- verkefnastjóra falið að auglýsa eftir tilnefningum vegna Fjöreggsins.

6. Önnur mál –1. Erindi frá foreldrum.

a. Tölvuleikir

Grand theft auto San Andreas allar leikjatölvur. Kóðar á neti til að ná í viðbætur sem hétu miður fallegum nöfnum. Google „grand theft auto san andreas cheats“.18+. Mjög ung börn eru að spila þennan leik og þar er m.a. hægt að „kaupa“ vændiskonu, „framkvæma“ sjálfsvíg og fleira.

Verkefnastjóra falið að koma umræðunni af stað. Taka saman staðreyndir og senda til skóla, á heimasíðu FFGÍR og facebook.

b. Forfallakennsla í Njarðvíkurskóla- ábending frá foreldri, könnuðum málið hjá ritara og eru sömu áherslur og hafa verið sl.ár.

- i. Ákveðið að fylgjast með ástandinu og vera vakandi vegna næsta skólaárs.

Önnur mál – 2. Jana Guðlaugsd. fulltrúi frá Akurskóla, FFA, kynnti nýjar áherslur í foreldrastarfi. FFA ætlar að virkja fleiri foreldra í Akurskóla. Markmiðinu ætla þau að ná með því að funda einu sinni í mánuði (6-7 á vetri) þar sem allir foreldrar í FFA funda. Það verður áfram formleg stjórn en allir foreldrar geta mætt á fund foreldrafélagsins einu sinni í mánuði.

Fundi slitið kl.18, Ingigerður Sæmundsdóttir ritaði fundargerð.